RORUM

Fuglar og gróður við Hrífunes, Heiðarsel II og Gráholt í Skaftárhreppi



RORUM 2026-003

Rorum 2026 003	Dags. 22.9.2025	Dreifing: Opin	Fjöldi síðna: 17

ISSN 2547-6696

Heiti skýrslu:
Fuglar og gróður við Hrífunes, Heiðarsel II og Gráholt í Skaftárhreppi.

Höfundur:
Þorleifur Eiríksson
Sigurður Ívar Jónsson
Jón M. Einarsson
Starri Heiðmarsson

Framkvæmd:
RORUM og Náttúrustofa Norðurlands vestra.

Unnið fyrir: Eflu

Útdráttur:

Samkvæmt beiðni Eflu fór fram fugla- og gróðurskoðun við Hrífunes, Heiðarsel II og Gráholt í Skaftárhreppi. Fuglalíf á þessum svæðum við Heiðarsel II, Gráholt og Hrífunes er frekar fábreytt. Það einkennist af svokölluðum mófuglum. Allt eru þetta algengir íslenskir varpfuglar og væntanlega algengir í nágrenninu. Níutíu tegundir æðplantna fundust og telst engin þeirra sjaldgæf né á válista. Sautján ólíkar vistgerðir voru kortlagðar, votlendisvistgerðir hafa óverulega þekju en við Hrífunes þakti birkiskógur stóran hluta rannsóknarsvæðisins. Mosar voru áberandi í Gráholti og í Heiðarseli II var stór hluti svæðisins gömul tún.

RORUM ehf. • Lyngháls 10 • 110 Reykjavík • +354 8977395 • rorum@rorum.is • www.rorum.is

Efnisyfirlit

1 Inngangur 4
2 Fuglar 4
2.1 Aðferðir 4
2.2 Niðurstöður 6
2.3 Umræður 8
3 Gróður og vistgerðir 8
3.1 Aðferðir 8
3.2 Niðurstöður 8
3.3 Umræður 12
4 Lokaumræður 13
5 Þakkir 13
6 Heimildir 14
7 Viðauki 14

Myndir

Mynd 1-1. Hrífunes, Heiðarsel II og Gráholt. 4
Mynd 2-1. Kort af Hrífunesi og fuglaskoðunarlínur 5
Mynd 2-2. Kort af Heiðarseli og fuglaskoðunarlínur. 5
Mynd 2-3. Kort af Gráholti og fuglaskoðunarlínur. 6
Mynd 2-4. Graslendi í Heiðarseli. 6
Mynd 3-1 Vistgerðir og hlutfallsleg útbreiðsla þeirra í Heiðarseli II. Flórupunktar, He01-He03, eru merktir þar sem tegundir voru skráðar. 9
Mynd 3-2. Vistgerðir og hlutfallsleg útbreiðsla þeirra í Gráholti. Flórupunktar, Gr01-Gr05, eru merktir þar sem tegundir voru skráðar. 10
Mynd 3-3. Vistgerðir og hlutfallsleg útbreiðsla þeirra í Hrífunesi. Flórupunktar, Hr01-Hr09, eru merktir þar sem tegundir voru skráðar. 11

Tafla

Tafla 2-1. Fuglategundir og fjöldi einstaklinga á Heiðarseli II. 7
Tafla 2-2. Fuglategundir og fjöldi einstaklinga við Gráholt. 7
Tafla 2-3. Tegundir og fjöldi einstaklinga við Hrífunes. 8
Tafla 3-1. Vistgerðir, flatarmál þeirra í hektörum og hlutfallsleg útbreiðsla í Heiðarseli II. 9
Tafla 3-2. Vistgerðir, flatarmál þeirra í hekturum og hlutfallsleg útbreiðsla í Gráholti. 11
Tafla 3-3. Vistgerðir, flatarmál þeirra í hekturum og hlutfallsleg útbreiðsla í Hrífunesi. 12

1 Inngangur

Samkvæmt beiðni Eflu fór fram fugla- og gróðurskoðun við Hrífunes, Heiðarsel II og Gráholt í Skaftárhreppi (Mynd 1-1). Fuglaskoðun var framkvæmd af Rorum, en gróðurskoðun af Náttúrustofu Norðurlands vestra.



Mynd 1-1. Hrífunes, Heiðarsel II og Gráholt.

2 Fuglar

2.1 Aðferðir

Farið var í vettvangsferð 23.7.2026. Á hverju svæði voru skilgreindar línur til að ganga eftir við fuglaskoðun (Mynd 2-1, Mynd 2-2, Mynd 2-3).



Mynd 2-1. Kort af Hrífunesi og fuglaskoðunarlínur



Mynd 2-2. Kort af Heiðarseli og fuglaskoðunarlínur.



Mynd 2-3. Kort af Gráholti og fuglaskoðunarlínur.

2.2 Niðurstöður

Búsvæði fugla á þessum þremur svæðum er mismunandi. Heiðarsel II er vel gróið graslendi (Mynd 2-4). Gráholt einkennist af graslendi og melum. Hrífunes einkennist af grónu mólendi og kjarri.



Mynd 2-4. Graslendi í Heiðarseli.

Fuglalíf var svipað á hinum mismunandi svæði og einkennist af mófuglum. Í töflum yfir tegundir eru líka merktar tegundir í Bernarsamningnum, ábyrgðartegundir og tegundir á válista (Náttúrufræðistofnun 2025).

Við Heiðarsel sáust fimm tegundir: Hrossagaukur, heiðlóa, spói, tjaldur og þúfutittlingur (Tafla 2-1).

Tafla 2-1. Fuglategundir og fjöldi einstaklinga á Heiðarseli II.

Nafn	Fræðiheiti	Fjöldi	Bernar-samningur	Ábyrgðar-tegund	Válisti
Hrossagaukur	*Gallinago gallinago*	1			LC
Heiðlóa	*Pluvialis apricaria*	2	x	x	VU
Spói	*Numenius phaeopus*	2		x	VU
Tjaldur	*Heamatopus ostralegus*	2			VU
Þúfutittlingur	*Anthus pratensis*	1			LC

Við Gráholt fundust fimm tegundir: heiðlóa, spói, tjaldur, þúfutittlingur og kjói (Tafla 2-2).

Tafla 2-2. Fuglategundir og fjöldi einstaklinga við Gráholt.

Nafn	Fræðiheiti	Fjöldi	Bernar-samningur	Ábyrgðar-tegund	Válisti
Heiðlóa	*Pluvialis apricaria*	3	x	x	VU
Spói	*Numenius phaeopus*	3		x	VU
Tjaldur	*Heamatopus ostralegus*	1			VU
Þúfutittlingur	*Anthus pratensis*	1			LC
Kjói	*Stercorarius parasiticus*	6			LC

Við Hrífunes fundust tíu tegundir þær sömu og á fyrrnefndu svæðum: Hrossagaukur, heiðlóa, spói, og þúfutittlingur, en við bættust: Stelkur, skógarþröstur, grágæs, álft og svartbakur (Tafla 2-3).

Tafla 2-3. Tegundir og fjöldi einstaklinga við Hrífunes.

Nafn	Fræðiheiti	Fjöldi	Bernar-samningur	Ábyrgðar-tegund	Válisti
Hrossagaukur	*Gallinago gallinago*	11			LC
Heiðlóa	*Pluvialis apricaria*	0	x	x	VU
Tjaldur	*Heamatopus ostralegus*	2			VU
Spói	*Numenius phaeopus*	2		x	VU
Stelkur	*Tringa totanus*	1		x	LC
Þúfutittlingur	*Anthus pratensis*	1			LC
Skógarþröstur	*Turdus iliacus*	10			LC
Grágæs	*Anser anser*	2			LC
Álft	*Cygnus cygnus*	2	x		LC
Svartbakur	*Larus marinus*	2			LC

2.3 Umræður

Fuglalíf á þessum svæðum við Heiðarsel II, Gráholt og Hrífunes er frekar fábreytt. Það einkennist af svokölluðum mófuglum, eða vaðfuglum sem algengir eru í mólendi. Tegundir eru heldur fleiri við Hrífunes sem skýrist að einhverju leiti að þar er kjarr. Allt eru þetta algengir íslenskir varpfuglar og væntanlega algengir í nágrenninu.

3 Gróður og vistgerðir

3.1 Aðferðir

Kortlagning vistgerða og könnun flóru var gerð á vettvangi 16. júní 2025. Gengið var um svæðin þrjú og hliðsjón höfð af 3. útgáfu vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar við vistgerðkortlagninguna. Sérstaklega var litið eftir tegundum æðplantna sem eru á válista eða teljast sjaldgæfar en gerðir voru tegundalistar fyrir hvert svæði fyrir sig byggt á mismörgum punktum á hverjum stað eftir aðstæðum. Latnesk heiti æðplantna fylgja tékklista yfir íslenskar æðplöntur eftir Pawel Wasowicz (2020).

3.2 Niðurstöður

Á svæðunum þremur fundust alls 17 vistgerðir og 90 tegundir æðplantna. Alls voru rúmlega 140 ha kortlagðir og höfðu flestar vistgerðirnar litla þekju nema hvað birkiskógur, língresis- og vingulsvist, tún og akurlendi auk mosamóavistar teljast allar þekja meira en 10 ha. Allar æðplöntutegundirnar sem fundust teljast útbreiddar og algengar nema hvað kræklurót (*Corallorhiza trifida*) er talin finnast í litlu magni þar sem hún finnst þó að um útbreidda tegund sé að ræða og hjartatvíblaðka (*Listera ovata*) sem telst hvorki útbreidd né í miklu magni þar sem hún vex án þess þó að flokkast sem sjaldgæf.

Í Heiðarseli II þekja fimm vistgerðir svæðið (Mynd 3-1). Gömul tún eru þar mest áberandi og flokkast þau sem tún og akurlendi en í þeim var ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*) afar áberandi auk þess sem sjá mátti hálíngresi (*Alopecurus pratensis*) sem var þó ekki til staðar á neinum af þeim stöðum þar sem æðplöntutegundir voru skráðar.



Mynd 3-1 Vistgerðir og hlutfallsleg útbreiðsla þeirra í Heiðarseli II. Flórupunktar, He01-He03, eru merktir þar sem tegundir voru skráðar.

Gerð er grein fyrir þekju einstakra vistgerða í Tafla 3-1 en manngerðar vistgerðir þekja mestan hluta svæðisins og er þar um að ræða gömul tún. Língresis- og vingulsvist hefur einnig allnokkra þekju, rúmlega 7 hektarar, meðan aðrar vistgerðir hafa afar litla þekju.

Tafla 3-1. Vistgerðir, flatarmál þeirra í hektörum og hlutfallsleg útbreiðsla í Heiðarseli II.

Vistgerð	Flatarmál (ha)	Hlutfall (%)
L14.2 Tún og akurlendi	20,22	72,37
L9.6 Língresis- og vingulsvist	7,12	25,48
L9.3 Bugðupuntsvist	0,47	1,68
L8.9 Starungsmýravist	0,07	0,25
L5.3 Hraungambravist	0,06	0,21
Samtals	**27,94**	**100,00**

Í Heiðarseli II voru 47 æðplöntutegundir skráðar á fjórum ólíkum punktum (Viðauki) en þar að auki mátti finna á köflum innan gömlu túnanna háliðagras.

Í Gráholti eru mólendi og graslendi útbreiddast en þar þekur mosamóavist rúmlega 15 ha og língresis- og vingulsvist rúmlega 10 ha. Aðrar vistgerðir þekja minna, mosar eru áberandi á svæðinu og þekja melavistir samanlagt rúmlega 6,5 ha meðan mosamelavist þekur um 4,5 ha. Örlítið er um votlendisvistir syðst (neðst) á svæðinu. Gerð er grein fyrir þekju einstakra vistgerða í Tafla 3-2 og Mynd 3-2.



Mynd 3-2. Vistgerðir og hlutfallsleg útbreiðsla þeirra í Gráholti. Flórupunktar, Gr01-Gr05, eru merktir þar sem tegundir voru skráðar.

Í Gráholti voru 44 æðplöntutegundir skráðar á 7 ólíkum punktum (viðauki). Allar tegundirnar sem fundust eru útbreiddar og í miklu magni þar sem þær finnast.

Tafla 3-2. Vistgerðir, flatarmál þeirra í hekturum og hlutfallsleg útbreiðsla í Gráholti.

Vistgerð	Flatarmál (ha)	Hlutfall (%)
L10.1 Mosamóavist	15,12	40,33
L9.6 Língresis- og vingulsvist	10,35	27,61
L1.3 Mosamelavist	4,54	12,11
L5.3 Hraungambravist	4,18	11,15
L5.2 Melagambravist	2,59	6,91
L8.9 Starungsmýravist	0,28	0,75
L8.4 Hrossanálarvist	0,16	0,43
L2.1 Moldavist	0,11	0,29
L10.2 Flagmóavist	0,08	0,21
L9.3 Bugðupuntsvist	0,08	0,21
Samtals	**37,49**	**100,00**

Í Hrífunesi þekur birkiskógur, nánar tiltekið kjarrskógavist, rúmlega helming rannsóknarsvæðisins. Graslendisvistin, língresis- og vingulsvist, þekur síðan rúmlega 15 ha sem er um fimmtungur svæðisins. Aðrar vistir þekja mun minna. Gerð er grein fyrir þekju einstakra vistgerða í Mynd 3-3 og Tafla 3-3.



Mynd 3-3. Vistgerðir og hlutfallsleg útbreiðsla þeirra í Hrífunesi. Flórupunktar, Hr01-Hr09, eru merktir þar sem tegundir voru skráðar.

Í Hrífunes voru 72 æðplöntutegundir skráðar á 9 ólíkum punktum (viðauki) auk þess sem jarðarber (*Fragaria vesca*) fundust á göngu milli punkta. Langflestar tegundirnar sem fundust eru útbreiddar og í miklu magni þar sem þær finnast, þó er rétt að taka fram að kræklurót (*Corallorhiza trifida*) finnst oftast í litlu magni þó hún sé útbreidd og hjartatvíblaðka (*Listera cordata*) er hvorki útbreidd né í miklu magni þar sem hún finnst þó svo að tegundin sé ekki sjaldgæf. Sömuleiðis er rétt að minnast á að jarðarber flokkast eins og hjartatvíblaðka.

Tafla 3-3. Vistgerðir, flatarmál þeirra í hekturum og hlutfallsleg útbreiðsla í Hrífunesi.

Vistgerð	Flatarmál (ha)	Hlutfall (%)
L11.1 Kjarrskógavist	44,08	58,65
L9.6 Língresis- og vingulsvist	15,33	20,40
L5.2 Melagambravist	4,68	6,23
L10.3 Starmóavist	3,85	5,12
L10.8 Lyngmóavist á láglendi	2,45	3,26
L1.3 Mosamelavist	1,29	1,72
L10.2 Flagmóavist	1,17	1,56
L9.1 Stinnastararvist	0,90	1,20
L10.1 Mosamóavist	0,82	1,09
L10.10 Víðikjarrvist	0,45	0,60
L1.2 Grasmelavist	0,11	0,15
L8.9 Starungsmýravist	0,03	0,04
Samtals	**75,16**	**100,00**

3.3 Umræður

Í Heiðarseli II ber gróðurfar svip af búsetu fyrri tíðar og flokkast stærstur hluti svæðisins sem aðrar landgerði, þ.e. ekki náttúrulegar vistgerðir og þar einkum um að ræða gömul tún sem tilheyra vistgerðinni tún og akurlendi. Einungis ein önnur vistgerð, þ.e. bugðupuntsvist, hefur marktæka þekju á svæðinu en sú vistgerð er talin hafa hátt verndargildi skv. frummati sem sett er fram í fjölriti NÍ (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2106) auk þess sem vistgerðin er á lista Bernarsamningsins (Council of Europe 2019). Bugðupuntsvistina er einkum að finna í hlíðum ofan gömlu túnanna og því ætti að vera hægt um vik að sneiða hjá umfangsmikilli skerðingu hennar. Ennfremur er rétt að benda á að bugðupuntsvist flokkast ekki sem forgangsvistgerð í umfjöllun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018 (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019).

Gráholt liggur hæst af svæðunum þremur sem til skoðunar voru og ber gróðurfar þess merki. Mosi, einkum gamburmosar, eru áberandi og er til staðar bæði mólendi og melar en örlítið er um

votlendi neðst á svæðinu. Mosamóavist er útbreiddust og þekur um 40% svæðisins en graslendi, flokkað sem língresis- og vingulsvist er tæp 30%. Af þeim vistgerðum sem hafa umtalsverða þekju á svæðinu er það einungis língresis- og vingulsvistin sem talin er hafa hátt verndagildi skv. frummati Náttúrufræðistofnunar (Jón Gunnar Ottósson 2016) og er sú vistgerð sömuleiðis á lista Bernarsamningsins (Council of Europe 2019), Língresis- og vingulsvistin telst þó ekki vera forgangsvistgerð í umfjöllun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018 (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019).

Gróðurfar á svæðinu í Hrífunesi einkennist af birkiskógi sem virðist vera að auka útbreiðslu sína og þekur kjarrskógavist tæp 60% svæðisins. Kjarrskógavist telst hafa hátt náttúruverndargildi skv. frummati Náttúrufræðistofnunar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) auk þess sem vistgerðir er talin forgangsvistgerð í umfjöllun um framkvæmdaáætlun náttúruverndaráætlunar 2018 (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Við Hrífunes er augljóst að virkt landnám birkis er á svæðinu og er útbreiðsla þess að aukast. Skerðing vistgerðarinnar er því ekki líkleg til að valda varanlegum skaða þar sem aukin útbreiðsla birkisins mun líklega jafna þá skerðingu innan fárra áratuga. Língresis- og vingulsvist er nokkuð útbreidd í Hrífunesi en líkt og áður var fjallað um þá telst sú vistgerð hafa hátt náttúruverndargildi skv. frummati Náttúrufræðistofnunar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) auk þess að vera á lista Bernarsamningsins (Council of Europe 2019). Af öðrum vistgerðum sem finna má í merkjanlegu magni á svæðinu er rétt að benda á að lyngmóavist á láglendi telst hafa hátt náttúruverndargildi skv. frummati Náttúrufræðistofnunar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) auk þess að vera á lista Bernarsamningsins (Council of Europe 2019). Áhrif framkvæmda við Hrífunes byggjast á umfangi þeirra og með skynsamlegri útfærslu mætti draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á birkiskóginn sem, líkt og bent hefur verið á, er líklegur til að halda áfram að auka þekju sína á svæðinu.

4 Lokaumræður

Fuglalíf á þessum svæðum við Heiðarsel II, Gráholt og Hrífunes er frekar fábreytt. Það einkennist af svokölluðum mófuglum. Allt eru þetta algengir íslenskir varpfuglar og væntanlega algengir í nágrenninu.

Æðplöntuflóra svæðanna þriggja er dæmigerð og er ekki að finna þar tegundir á válista (Wasowicz & Heiðmarsson 2019) né sérstaklega sjaldgæfar tegundir. Engar votlendisvistgerðir hafa merkjanlega þekju á svæðunum þremur en í Hrífunesi þekur birkiskógur, s.k. kjarrskógavist stóran hluta rannsóknarsvæðisins. Sá birkiskógur er þó í greinilegri framför og líklegt að náttúruleg framvinda verði til mótvægis skerðingu vistgerðarinnar.

5 Þakkir

Sturla Frostason hjá Rorum aðstoðaði við fuglaathuganir. Valtýr Sigurðsson hjá NNv annaðist kortagerð.

6 Heimildir

Council of Europe 2019. Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats: Resolution No. 4 (1996) listing endagered habitats requiring specific conservation measures. Accessed 2019. url: https://rm.coe.int/16807469e7

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritsj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 54. Rafræn útgáfa leiðrétt í maí 2018.

Náttúrufræðistofnun 2025. *Válisti fugla 2025.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 61. Náttúrufræðistofnun. DOI: 10.33112/1027-832X.61

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnsdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar. NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Wasowicz, Pawel og Starri Heiðmarsson 2019. A vascular plant red list for Iceland. Acta Botanica Islandica 16: 31-48. Doi:10.5281/zenodo.2875162

7 Viðauki

Æðplöntutegundir sem fundust á svæðunum þremur: Heiðarseli II, Gráholti og Hrífunesi. Á hverju svæði voru tegundir skráðar á mismörgum stöðum, fjórum í Heiðarseli, He01-He04, sjö í Gráholti, Gr01-Gr07 og níu í Hrífunesi, Hr01-Hr09, og má sjá staðsetningar þeirra á Myndum 3-1, 3-2 og 3-3.

Æðplöntutegundir skráðar í punktum He01-He04 í Heiðarseli II.						
Latneskt heiti	Íslenskt heiti	ALGENGNI	HE01	HE02	HE03	HE04
Alchemilla alpina	Ljónslappi	■■■□□□	X	X		
Alchemilla filicaulis	Hlíðamaríustakkur	■■■□□□	X	X		
Anthoxanthum odoratum	Ilmreyr	■■■□□□	X	X		X
Argentina anserina	Tágamura	■■■□□□	X			
Avenella flexuosa	Bugðupuntur	■■■□□□	X	X		
Bistorta vivipara	Kornsúra	■■■□□□	X	X		
Calamagrostis neglecta	Hálmgresi	■■■□□□				X
Cardamine pratensis	Hrafnaklukka	■■■□□□	X	X		X
Carex myosuroides	Þursaskegg	■■■□□□	X			
Carex nigra	Mýrastör	■■■□□□				X
Cerastium fontanum	Vegarfi	■■■□□□	X	X		X
Coeloglossum viride	Barnarót	■■■□□□	X			
Empetrum nigrum	Krækilyng	■■■□□□		X		
Epilobium alsinifolium	Lindadúnurt	■■■□□□				X
Equisetum arvense	Klóelfting	■■■□□□	X			X
Equisetum fluviatile	Fergin	■■■□□□				X
Equisetum pratense	Vallelfting	■■■□□□	X			
Equisetum variegatum	Beitieski	■■■□□□		X		
Eriophorum angustifolium	Klófífa	■■■□□□				X
Festuca richardsonii	Túnvingull	■■■□□□		X		X
Festuca vivipara	Blávingull	■■■□□□		X		
Filipendula ulmaria	Mjaðjurt	■■□□□		X		
Galium normanii	Hvítmaðra	■■■□□□	X	X		
Galium verum	Gulmaðra	■■■□□□	X	X		
Hierochloe odorata	Reyrgresi	■■■□□□	X			
Juncus arcticus	Hrossanál	■■■□□□				X
Juncus biglumis	Flagasef	■■■□□□		X		
Luzula multiflora	Vallhæra	■■■□□□	X	X		
Luzula spicata	Axhæra	■■■□□□		X		
Montia fontana	Lækjagrýta	■■■□□□		X		
Myosotis arvensis	Gleym-mér-ei	■■□□□				X
Parnassia palustris	Mýrasóley	■■■□□□		X		
Phleum alpinum	Fjallafoxgras	■■■□□□		X		
Pinguicula vulgaris	Lyfjagras	■■■□□□		X		
Poa flexuosa	Lotsveifgras	■■□□□		X		
Poa pratensis	Vallarsveifgras	■■■□□□	X			X
Ranunculus subborealis	Brennisóley	■■■□□□	X	X		
Rumex acetosa	Túnsúra	■■■□□□		X		
Sagina procumbens	Skammkrækill	■■■□□□		X		
Salix lanata	Loðvíðir	■■■□□□		X		
Salix phylicifolia	Gulvíðir	■■■□□□		X		
Sedum villosum	Flagahnoðri	■■■□□□		X		
Taraxacum	Túnfíflar	■■■□□□	X	X		
Thymus praecox	Blóðberg	■■■□□□	X	X		
Tofieldia pusilla	Sýkigras	■■■□□□		X		
Viola palustris	Mýrfjóla	■■■□□□				X

Æðplöntutegundir skráðar í punktum Gr01-Gr09 í Gráholti.									
Latneskt heiti	Íslenskt heiti	ALGENGNI	GR1	GR2	GR3	GR4	GR5	GR6	GR7
Agrostis vinealis	Týtulíngresi	■■■□□□							X
Alchemilla alpina	Ljónslappi	■■■□□□	X						
Alchemilla filicaulis	Hlíðamaríustakkur	■■■□□□	X		X				
Anthoxanthum odoratum	Ilmreyr	■■■□□□	X	X	X				
Arabidopsis petraea	Melablóm	■■■□□□							X
Armeria maritima	Geldingahnappur	■■■□□□							X
Avenella flexuosa	Bugðupuntur	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	
Bistorta vivipara	Kornsúra	■■■□□□	X		X	X	X		
Carex bigelowii	Stinnastör	■■■□□□	X	X	X			X	
Carex myosuroides	Þursaskegg	■■■□□□							X
Carex nigra	Mýrastör	■■■□□□					X		
Carex rostrata	Tjarnastör	■■■□□□					X		
Cerastium fontanum	Vegarfi	■■■□□□	X		X				
Coeloglossum viride	Barnarót	■■■□□□					X		
Empetrum nigrum	Krækilyng	■■■□□□	X	X					
Equisetum arvense	Klóelfting	■■■□□□		X	X			X	
Equisetum palustre	Mýrelfting	■■■□□□				X	X		
Equisetum pratense	Vallelfting	■■■□□□	X	X	X			X	
Equisetum variegatum	Beitieski	■■■□□□	X			X			
Festuca richardsonii	Túnvingull	■■■□□□						X	
Festuca vivipara	Blávingull	■■■□□□		X				X	
Galium normanii	Hvítmaðra	■■■□□□	X	X	X			X	
Galium verum	Gulmaðra	■■■□□□		X	X			X	
Geum rivale	Fjalldalafífill	■■■□□□			X	X	X		
Hierochloe odorata	Reyrgresi	■■■□□□	X		X		X		
Juncus arcticus	Hrossanál	■■■□□□		X	X	X	X		
Juncus trifidus	Móasef	■■■□□□							X
Luzula multiflora	Vallhæra	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	
Phleum alpinum	Fjallafoxgras	■■■□□□							X
Pilosella islandica	Íslandsfífill	■■■□□□	X						
Potentilla crantzii	Gullmura	■■■□□□	X	X			X	X	
Ranunculus subborealis	Brennisóley	■■■□□□					X		
Rumex acetosa	Túnsúra	■■■□□□							X
Salix herbacea	Grasvíðir	■■■□□□	X						
Salix lanata	Loðvíðir	■■■□□□	X				X		
Salix phylicifolia	Gulvíðir	■■■□□□					X		
Saxifraga cespitosa	Þúfusteinbrjótur	■■■□□□							X
Silene acaulis	Lambagras	■■■□□□	X						
Taraxacum	Túnfíflar	■■■□□□	X			X			
Thalictrum alpinum	Brjóstagras	■■■□□□						X	
Thymus praecox	Blóðberg	■■■□□□	X	X					
Vaccinium uliginosum	Bláberjalyng	■■■□□□	X						
Viscaria alpina	Ljósberi	■■■□□□							X

Æðplöntutegundir skráðar í punktum Hr01-Hr09 í Hrífunesi.											
Latneskt heiti	Íslenskt heiti	ALGENGNI	Hr_01	Hr_02	Hr_03	Hr_04	Hr_05	Hr_06	Hr_07	Hr_08	Hr_09
Agrostis capillaris	Hálíngresi	■■■□□□	X				X				
Agrostis stolonifera	Skriðlíngresi	■■■□□□									X
Agrostis vinealis	Týtulíngresi	■■■□□□							X		X
Alchemilla alpina	Ljónslappi	■■■□□□		X			X			X	X
Alchemilla filicaulis	Hlíðamaríustakkur	■■■□□□				X					
Alchemilla glomerulans	Hnoðamaríustakkur	■■■□□□									X
Angelica sylvestris	Geithvönn	■■■□□□				X					
Anthoxanthum odoratum	Ilmreyr	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Argentina anserina	Tágamura	■■■□□□					X				X
Armeria maritima	Geldingahnappur	■■■□□□			X						
Avenella flexuosa	Bugðupuntur	■■■□□□	X	X	X	X			X		
Bartsia alpina	Smjörgras	■■■□□□				X					X
Betula pubescens	Birki	■■■□□□	X	X	X	X	X	X		X	X
Bistorta vivipara	Kornsúra	■■■□□□	X	X	X		X				
Botrychium lunaria	Tungljurt	■■■□□□	X		X		X				X
Calluna vulgaris	Beitilyng	■■■□□□		X				X		X	
Cardamine pratensis	Hrafnaklukka	■■■□□□									
Carex bigelowii	Stinnastör	■■■□□□	X		X	X				X	
Carex nigra	Mýrastör	■■■□□□									X
Cerastium fontanum	Vegarfi	■■■□□□		X							X
Coeloglossum viride	Barnarót	■■■□□□						X	X	X	
Corallorhiza trifida	Kræklurót	■■■□		X							
Dactylorhiza maculata	Brönugrös	■■□□□		X	X						
Deschampsia cespitosa	Snarrótarpuntur	■■■□□□									X
Dryas octopetala	Holtasóley	■■■□□□								X	
Empetrum nigrum	Krækilyng	■■■□□□	X	X		X	X		X	X	
Epilobium anagallidifolium	Fjalladúnurt	■■■□□□									X
Equisetum arvense	Klóelfting	■■■□□□	X	X	X		X	X	X		X
Equisetum hyemale	Eski	■■■□□							X		
Equisetum pratense	Vallelfting	■■■□□□	X			X	X		X		
Eriophorum angustifolium	Klófífa	■■■□□□									X
Festuca richardsonii	Túnvingull	■■■□□□								X	
Festuca vivipara	Blávingull	■■■□□□	X	X	X				X	X	
Filipendula ulmaria	Mjaðjurt	■■□□□									X
Galium normanii	Hvítmaðra	■■■□□□	X	X	X	X		X	X	X	
Galium verum	Gulmaðra	■■■□□□	X		X	X	X	X	X		X
Geranium sylvaticum	Blágresi	■■■□□□				X					
Geum rivale	Fjalldalafífill	■■■□□□									
Hieracium	Undafífill									X	
Hierochloe odorata	Reyrgresi	■■■□□□	X			X			X		
Juncus arcticus	Hrossanál	■■■□□□				X					
Leontodon autumnalis	Skarifífill	■■■□□□					X				X
Listera cordata	Hjartatvíblaðka	■■□□						X			
Luzula multiflora	Vallhæra	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Luzula spicata	Axhæra	■■■□□□		X							
Myosotis arvensis	Gleym-mér-ei	■■□□□		X							X
Parnassia palustris	Mýrasóley	■■■□□□		X			X				X
Pinguicula vulgaris	Lyfjagras	■■■□□□		X			X	X		X	X
Platanthera hyperborea	Friggjargras	■■■□□□			X			X			
Poa pratensis	Vallarsveifgras	■■■□□□	X			X	X				X
Potentilla crantzii	Gullmura	■■■□□□		X	X						
Pyrola minor	Klukkublóm	■■■□□□									X
Ranunculus subborealis	Brennisóley	■■■□□□	X	X		X	X				X
Rhinanthus minor	Lokasjóður	■■■□□□		X			X			X	
Rubus saxatilis	Hrútaber	■■■□□□				X	X	X			
Rumex acetosa	Túnsúra	■■■□□□		X				X			
Rumex acetosella	Hundasúra	■■■□□□		X							X
Salix herbacea	Grasvíðir	■■■□□□			X				X		
Salix lanata	Loðvíðir	■■■□□□	X	X			X	X		X	X
Salix phylicifolia	Gulvíðir	■■■□□□	X	X	X		X	X	X	X	X
Saxifraga cespitosa	Þúfusteinbrjótur	■■■□□□		X				X			
Sedum villosum	Flagahnoðri	■■■□□□						X			
Selaginella selaginoides	Mosajafni	■■■□□□						X			
Taraxacum	Túnfíflar	■■■□□□									X
Thalictrum alpinum	Brjóstagras	■■■□□□	X		X	X			X		
Thymus praecox	Blóðberg	■■■□□□	X	X	X		X	X	X	X	X
Tofieldia pusilla	Sýkigras	■■■□□□						X		X	
Trifolium repens	Hvítsmári	■■■□□□					X		X		
Vaccinium uliginosum	Bláberjalyng	■■■□□□	X	X		X	X	X		X	
Viola palustris	Mýrfjóla	■■■□□□									X
Viscaria alpina	Ljósberi	■■■□□□		X							